

## Skýrsla stjórnar SFA fyrir starfsárið 2015-2016.

Stjórn Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna kosin á vofundi forstöðumanna í Grundarfirði 15.-16. maí 2014 og endurkjörin án móttframboðs 2015.

Barbara Guðnadóttir, Bæjarbókasafni Ölfuss, Hlíf S. Arndal, Bókasafninu í Hveragerði og undirrituð Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Bókasafni Árborgar. Varamenn þessarar stjórnar eru þrír, þær Áslaug Bjarnadóttir, Bókasafni Hrunamanna, Björk Ingimundardóttir, Héraðbókasafninu Kirkjubæjarklaustri og Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir, Héraðsbókasafni Rangæinga. Gunnhildur hætti sem forstöðumaður og í hennar stað kom á Héraðsbókasafn Rangæinga og í stjórn SFA, Elísa Elíasdóttir.

Vofundur var haldinn 7.-8. maí árið 2015 á Hótel Smáratúni í Fljótshlíð. Efni vofundar var „samrekstur bókasafna og upplýsingamiðstöðva“. Heiðrún og Laufey höfðu framsögu. Þóra Sigríður kynnti nýjungar á Hljóðbókasafni Íslands. Bjarni Harðarson kynnti Bókabæina austanfjalls og Anna Jónsdóttir kynnti Konubókastofu. Örnámskeið í Mindfulness hjá Ásdísi Olsen. Barbara fjallaði um aðferðafræði MindLab. Marta Hildur um bókasafnið sem menningarmiðju og Pálína kynnti breytingar hjá Borgarbókasafni sem nú er Borgarbókasafn-Menningarhús. Sunna fór yfir punktana frá Alta frá síðasta vofundi og að lokum gladdi Edda Björgvinsdóttir okkur með „Húmor og gleði í vinnunni – dauðans alvara“.

Nú að loknum vofundinum okkar í Fljótshlíðinni í fyrra varð nokkurt hlé á störfum stjórnar fram eftir sumri. Heimasíðan var verkefni haustsins. Vefumsjónaryfirtækið Núna ehf. tók verkið að sér fyrir okkur og byggði upp síðu skv. okkar beiðni sem var, að hún yrði tildurlaus, tiltölulega ódýr og gæti geymt fyrir okkur helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, skýrslur og myndir o.þ.h. en yrði ekki hugsuð sem fréttaveði samskiptasíða, til þess notum við póstlistann okkar áfram og facebooksíðuna.

Nokkrar umræður urðu í ágúst á póstlista um átak Illuga Gunnarssonar til lesturs og var lagt til að hver forstöðumaður fyrir sig hefði samband við sína yfirmenn til að bjóða fram krafta sína.

Undirbúningur haustfundar félagsins var svo aðalefni þeirra funda sem haldnir voru í lok ágúst og september.

Haustfundur var haldinn í Gerðubergi 25. september. Við leituðum til Borgarbókasafns-Menningarhúss til að fá sal og buðu þau okkur með fundinn til sín og uppá kaffi og kruður okkur að kostnaðarlausu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Efni fundarins var sem hér segir; „Þjóðarsáttmáli um læsi, hlutverk og möguleikar almenningsbókasafnanna til að leggja honum lið“.

Framsögumaður: Gylfi J. Gylfason verkefnisstjóri hjá Menntamálastofnun.

Áslaug Bjarnadóttir kynnti nýja heimasíðu en Áslaug hefur haft veg og vanda af allri vinnu við síðuna fyrir hönd stjórnar. Og að lokum ræddi Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður um „samfélagsumræðu á bókasöfnum“.

Umræður urðu í febrúar um samdrátt útlána á almenningsstöfnum og hvað fólk hefði reynt til að koma í veg fyrir hann. Nokkrar tilraunir má nefna eins og hvatningu til leikskólanna til að nýta söfnin betur. Senda (h)eldri borgurum sem ekki eru með virk skírteini, skírteinin sín í 67 ára afmælisgjöf. Gera sig sýnilegri á facebook, instagram, snapchatti og twitter og útbúa bæklinga. Lesklúbbar eru mjög víða. Útleiga á kökuformum, bókmenntagöngur og fleira og fleira og við munum bara halda því áfram og skapa okkar farveg.

Umræður innan þessa hóps stýra því nokkuð hver fundarefni eru og á þessum fundi er áherslan lögð á breytingarnar í sveit og borg, hvernig bregðumst við við breyttum aðstæðum, hvað höfum við nú þegar gert og hvað þurfum við að leggja enn meiri áherslu á.

Undirbúningur þessa fundar hefur krafist vinnu og skipulagningar en aðallega hefur hann samt verið okkur auðveldur og ánægjulegur þökk sé ykkur sem við höfum leitað til og hafið tekið erindum okkar svo ljúflega. Sérstakar þakkir til Jóhönnu Hafliðadóttur sem tók að sér að hýsa vofundin, það er okkur mikið ánægjuefni að vera komin hingað á Austurland og við vonumst til að sjá enn fleiri austfirðinga með okkur á morgun.

Nokkrar mannabreytingar hafa orðið á söfnunum á þessu ári, mikið af stórskotaliðinu okkar er hætt og aðrir reyndir og minna reyndir eru komnir í staðinn. Og þó maður sakni vinar í stað þá eru breytingar vissulega líka nauðsynlegt hreyfiafl.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í bókasafnaheiminum undanfarin ár og þó ég tala aðeins um okkar litla land. Söfnin hafa tekið sér hlutverk menningarstofnanna í sínum bæjarfélögum og notkunin hefur breyst á þann veg að fólk nýtir staðina meira sem samverustaði en minna til útlána á bókum. Breytingar eru ævinlega mestar í huga manns og ég er ekki viss um að hinn almenni borgari hafi neitt tekið eftir öllum okkar byltingum og brölti og ekki held ég að sá ótti sem öðru hvoru helltist yfir okkur sum um að við værum að daga uppi hafi verið á rökum reistur. Hvað framtíðin ber í skauti sér vitum við ekki en við munum áfram standa vaktina, vera djörf og dugmikil og hafa gaman af því sem við gerum. Við erum góð í því.

Stjórnin hefur haft gaman af vinnu sinni það get ég alveg fullyrt fyrir hönd okkar allra, okkar land liggur vel – við erum nokkuð margar komnar með góða reynslu sem gátum verið saman um verkið og samvinnan hefur verið alveg einstök bæði á persónulegum og professional vettvangi. Við völdum að hafa þrjá varamenn en ekki bara einn sem gafst vel hjá okkur. Þetta er nægur fjöldi til að það getur alltaf einhver komið sterkur inn þegar aðrir þurfa um stund að bakka og taka tíma í annað. En nú er komið að öðrum að taka við keflinu, þessi stjórn gefur ekki kost á sér aftur en þakkar innilega fyrir skemmtilegan tíma.

Egilsstaðir 28. apríl 2016

Fyrir hönd stjórnar,

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir form.